

Myndlistarsýningar vetrarins spanna vítt svið í tíma og tækni:

Málverk, innsetningar og gler

Listasýningar vetrarins í stóru söfnunum á Reykjavíkursvæðinu eru fjölbreyttar og margra þeirra verður beðið með eftirvæntingu. Sú sem líklega dregur að sér flesta gesti er yfirlitssýning Listasafns Íslands yfir feril Gunnlaugs Schevings, eins ástsælasta listamanns Íslendinga á 20. öld. En verið getur að sú sýning fái harðan keppinaut í sýningu sem opnuð verður á sama stað í apríl á næsta ári. Listaverkin á henni koma frá Tretyakov-safninu í Moskvu og sýningin heitir „Rússnesk aldamót - frá raunsæi til framúrstefnu“.

Einhver vinsælasta listsýning undanfarinna ára hér á landi var glerlistasýning Dale Chihuly á Kjarvalsstöðum í fyrravor. Þeir sem minnst hennar með gleði geta hlakkað til sýningarinnar Rubikon sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum 17. nóvember og stendur í tæpan mánuð. Þetta er einstök sýning á verkum fremstu glerlistamanna Tékklands, þess mikla glerlistalands. Þeir hafa myndað hóp og kalla sig Rubikon (í höfuðið á frægu fljóti á Ítalíu). Hluti hópsins sýnir hér ásamt völdum gestum.

Í Hafnarhúsinu verður stóra sýningin á verkum Errós í öllum sölum til 7. október. Þann 13. október fer sýningin í sal D, en frá 6. janúar 2002 flyst hún í tvo sali á annarri hæðinni þar sem verk listamannsins verða sýnd til frambúðar - líkt og Kjarval í austursal Kjarvalsstaða. Til að gefa gestum gott yfirlit yfir verkin sem listamaðurinn ánafnaði safninu og til að halda við áhuga á verkum hans verður reglulega skipt um verk á sýningunni.

Meðal annarra eftirtektarverðra sýninga í Hafnarhúsinu má nefna „Breiðholtið“ sem helguð verður sköpun samnefnds hverfis í Reykjavík, uppbyggingu þess og félagslegri þróun.

Í kúluhúsinu sérkennilega við Sigtún stendur yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar fram í maí 2002. Þá verður sett upp sýningin „Borgarlist“ kringum hugmyndir Ásmundar um list í borgarlandinu. Það er framlag safnsins á Listahátíð í Reykjavík 2002.

Ljósmyndir, málverk, músík

Meðal fjölmargra sýninga í Gerðarsafni í Kópavogi er Carnegie Art Award-sýningin á norrænni samtímamálalari. Hún var líka í Gerðarsafni í fyrra og þótti forsvarsmönnum hennar fara svo vel um hana þar að þangað sóttu þeir aftur. Einnig verða þar í mars enn á ný ljósmyndasýningarnar „Mynd ársins 2001“ og „Að lýsa flöt 2001“ á vegum Bláaljósmyndarafélags Íslands og Ljósmyndarafélags Íslands. Hafa orðið talsverð skrif út af sýningunni í vor sem leið, einkum um „mynd ársins“ eftir Ara Magg sem var notuð á auglýsingaspjaldi fyrir tón- og dansverkið Baldur í fyrra.

Í Hafnarborg í Hafnarfirði verður meðal annars sett upp alþjóðleg myndlistarsýning á



vegum WHO þann 20. október. Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin fékk til liðs við sig marga þekktu myndlistarmenn til að berjast gegn tóbaksfíkninni og setti upp farandsýningu sem farið hefur víða um heim og vakið mikla athygli. Það sem kannski er skemmtilegast við hana er að hún höfðar til ungs fólks og ætlar safnið að útbúa skemmtileg verkefni fyrir börn til að vinna í tengslum við sýninguna.

Erró: Vindhviða (1979)

Stóra sýningin á verkum Errós stendur til 7. 10.

Í Hafnarborg verður líka sett upp sýningin „Ef haldið er fast í þessa hugmynd“ þar sem fjórir listamenn, tveir frá Íslandi og tveir frá Frakklandi, verða með innsetningu. Listamennirnir hafa unnið saman í Frakklandi. Sú sýning verður opnuð 17. nóvember. -SA

Margmiðlaður Megás

Sýningin „Margmiðlaður Megás í Nýló“ stendur í Nýlistasafninu frá 20. október til 30. nóvember. Þing-ið er tileinkað Megasi og fjallar um höfundarverk hans í heild, textagerð, prósa og lýrik, og myndlist. Á þinginu verða margs konar uppákomur, málþing, sjónþing, tónlistarkvöld, hljótleikar, hljómorðakvöld og fleira. Þetta er mikið tilhlökkunarefni fyrir aðdáendur skáldsins.



Erlendar listakonur

Tvær erlendar listakonur eru á dagskrá ís við Klapparstíg á næstu mánuðum. Þar stendur nú yfir sýning á nýjum verkum eftir „grand old man“ íslenskrar myndlistar, Kristján Davíðsson, en 1. nóvember verður opnuð sýning á verkum Roni Horn sem er listunnendum að góðu kunn. Hún stendur fram í miðjan janúar. Næst á eftir sýnir finnska listakonan Helena Hietanen.



Listapósturinn

Eins og listunnendum er kunnugt gefur Gallerí Fold út fréttabréfið Listapóstinn, bæði prentað sem sent er með landpósti til áskrifenda og á netinu sem áskrifendur fá með tölvupósti. Fréttabréfið er að verða sex ára gamalt og birtir fréttir úr listaheiminum, innanlands sem utan, en einkum auðvitað fregnir af nýjum sýningum í gallerí Gallerís Foldar sem er bakatil í húsnæði verslunarinnar við Rauðarárstíg. Auk þess eru iðulega lengri greinar eftir aðstandendur gallerísins og Listapóstsins - og jafnvel aðra höfunda - um hvaðeina sem varðar myndlistarmenningu Íslendinga.

Þeir sem vilja fá Listapóstinn sendan, geta haft samband við ábyrgðarmann á netfanginu hansen@artgalleryfold.com en ef þeir vilja skrifa grein í ritið senda þeir hana á netfangið skrif@myndlist.is.

Gallerí Fold heldur úti vefsíðu með upplýsingum um myndlistarmennina sem sýna þar og er slóðin að henni <http://www.myndlist.is>.

	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS
LISTASAFN ÍSLANDS	Naumhyggja Magnús Tómasson Þorvaldur Skúlason	Gunnlaugur Scheving	Finnbogi Pétursson 20. öldin - yfirlit		Kjarval, Jón Engilberts Jóhann Briem, Finnur Jónsson	
LISTASAFN REYKJAVÍKUR:						
KJARVALSSTAÐIR	Kristján Guðmundsson	Rubikon, glerlist		Hannes Lárusson		
HAFNARHÚS	Erró					
	Einar Már Guðvarðsson		Guðmundur R. Lúðvíksson	Bernd Koberling Breiðholtið		
GERÐARSAFN	Erla Þórarinsdóttir, Hulda Hákon, Jón Óskar, Steingrímur Eyfjörð	Margrét Jóelsdóttir, Stephen Fairbairn, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir		Keramíksýning, Ljóð og myndverk	Carnegie Art Award	Mynd ársins 2001, Að lýsa flöt 2001.
HAFNARBORG	Sigurbjörn Jónsson	Myndlistarsýning WHO Jónína Guðnadóttir Kristján P. Guðnason	Gústav Bollason, Jóhann I. Tóttason, Cathrine Thraby, Vincent Chalm	Ásgeir Long		
NÝLISTASAFNIÐ		Megas				